

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

APRÍL 2008



4. tbl. 15. árg.

Lyf & heilsa
Mjódd
Opnir virka daga 9-18:30 og laugardaga 10-14

Nytt heimili
www.nytt.is
fasteignasala
reynir erlingsson, löggiltur
fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali
414 6600



Börn úr Tónskóla Eddu Borg léku fyrir fundargesti á samráðsfundi borgarstjóra og Breiðhýltinga 12. apríl. Mynd: ÁHG.

RE/MAX
Mjódd
YKKAR MAÐUR
Í HVERFINU
Þorkell Ragnarsson
Sölufrú
898 4596
thorkell@remax.is
Guðmundur St. Ragnarsson
Löggiltur
fasteignasali

GLITNIR

Lyfjaval
A P Ó T E K
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD
BÍLAAPÓTEK
HÆÐASMÁRA 4
opnir 10-23 alla daga

- bls. 4-5
Viðtal við
Einar Skúlason í
Alþjóðahúsinu

- bls. 10
Bernskuminningar
Guðjóns Þorsteins
leikara

Íþróttasvæði og skólalóðir í forgangi

Nú er unnið að því að af hálfu borgaryfirvalda að undirbúa og hanna íþróttasvæði ÍR og stefnt er að ljúka við byggingu félagshúss Leiknis um næstu áramót.

Ætlunin er að endurgera skólalóðir við Hólabrekkuskóla og Fella-skóla koma upp boltagerði við Breiðholtsskóla. Þá eru áform um að vinna að innanhúss lagfæringum á eldri hluta Seljaskóla, endurgera dvalarsvæðin við Austurberg og Seljatjörn og vinna að trjárækt

við Stelkhóla 2 til 6. Þetta koma fram í ræðu Ólafs Magnússonar, borgarstjóra á samráðsfundi borgarstjóra og Breiðhýltinga sem fram fór í Seljaskóla laugardaginn 12. apríl.

Borgarstjóri ræddi einnig um að Breiðhýltingar hefðu áhyggjur af auknum umferðarpunga og hættu því samfara og skorti á bílastæðum en einnig skorti á leiksvæðum. Hann sagði að framlag íbúa á samráðsfundi sem þessum ætti eftir

að hafa áhrif á þann 10 atriða óskalista sem hverfisráð mun senda til borgarinnar í byrjun maí. Hann tilkynnti í ræðu sinni að hann ætlaði að veita örlítið forskot á sæluna og koma einni ábendinganna í framkvæmd eins fljótt og auðið verði en það er að koma upp 10 til 15 bekkjum og jafn mörgum ruslastömpum. Þessi orð hans féllu í góðan jarðveg hjá fundarmönnum.

Sjá nánar frá samráðsfundinum á bls. 6

Apótekið í Hólagarði er opið:
mán-föst: 10-18, laugardaga: 10-14

Apótekið
læggra verð

Grafarvogi • Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri

Svínakjötsútsala

Kjöt á grillið

Fanta 2l. kr 98.-

Coke 2l. kr 119.-



Bín verslun

SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788

*Eina kjötborðið
í Breiðholti*

**gæði
úrval
þjónusta**

Sumardagurinn fyrsti í Breiðholti

Verður haldinn hátíðlegur við tjörnina hjá Hólmaseli
fimmtudaginn 24. apríl frá kl. 14 – 16.

13:00 Skrúðganga frá Þín verslun við Seljabraut

13:30 Guðsþjónusta í Seljakirkju. Krakkar úr Tónskóla

Eddu Borg spila nokkur lög

14:00 Jón Víðis töframaður kynnir og skemmtir í Hólmaseli

14:10 Ester og Marri, sigurvegarar úr söngvakeppni

Breiðholts 2008 flytja nokkur lög

14:20 Íþróttálfurinn mætir á svæðið

14:40 Atriði úr söngleiknum Grease

15:00 Mercedes Club spilar nokkur lög

15:30 Galaxy spilar nokkur lög

≈ Deildir frá ÍR verða með atriði og gefa sumargjafir.

≈ Skátafélagið Segull mun setja upp þrautabraut.

≈ Hestar, hoppukastalar, andlitsmálning og leiktæki frá Sumargríni ÍTR verða á svæðinu.

≈ Kaffi, candyflos og pylsur seldar á staðnum.

*Rútur munu stoppa reglulega við Fellaskóla, Hólabrekkuskóla,
Breiðholtsskóla, ÍR-heimilið Skógarseli frá kl. 13 – 17 og bjóða upp á akstur
til og frá Hólmaseli.*



Flugvélarmanninn og stjórnklefningurinn sem Einar stjórnaði plötusnúningi í Fellahelli á sínum tíma. Vélin er enn í Fellaskóla þar sem Fellahellir var á sinni tíð.

um að leggja áherslu á að vinna með fólkinu sjálfu. Þetta á að verða grasrótastarf en er í sjálfu sér nokkuð óskrifað blað enn sem komið er. Við ætlum okkur að finna út hvað íbúarnir vilja sjálfir gera og þróa þetta í samráði við fólk á svæðinu." Einar segir að ef Reykjavík er skoðuð eftir hverfum eða pósthúsum þá sé fjölmennasta fjölmenningsfélagið í Miðborginni, í 101-um og einnig sé mjög fjölmennat samfélag nýbúa á Kjalarnesi. Síðan komi Breiðholtið og þá einkum Fella hverfið þar sem fólk af erlendum uppruna hafi verið að festa sér eignir að undanförunu. Sérstafa Kjalarnessins að þessu sé tilkominn af því að fyrirtæki, sem hafi ráðið fólk af erlendi bergi til vinnu

hafi skaffað húsnæði þar. Ástæður þess að nýbúar hafi fest kaup á fasteignum í Fella hverfinu byggist meira á lögmálinu um framboð og eftirspurn á fasteignamarkaði. "Íbúðaverð hefur verið ívið lægra þar en í öðrum hverfum Reykjavíkur og þetta fólk hugsar stundum öðruvísi en okkur er tamt og vill ekki taka of miklar skuldir á sínar herðar og vill sjá fram úr reikningsdæminu um íbúðakaupin. Þetta getur síðan dreifst meira þegar þetta fólk verður grónara hér og hagur þess batnar. En okkur finnst ástæða til þess að reyna þessa nýjung í þjónustu við nýbúa á þessum slóðum og svo verður reynslan að skera úr um hvernig starfið þróast."

Fjölmenni á lokahátíð

Lokahátíðir stóru upplestrarkeppinnar 2008 fóru fram í mars og apríl. Í Breiðholti fór upplestrarkeppnin fram í Seljakirkju 2. apríl að viðstöddu fjölmenni þar sem valdir nemendur úr 7. bekk skólanna í hverfinu lásu brot úr skáldverki og ljóð. Á meðal þess sem nemendur lásu í Seljakirkju var kafli úr Bardaganum við Bjarndýrið eftir Jón Sveinsson, Nonna og ljóð eftir Stein Steinarr.

Þessar myndir voru teknar í Seljakirkju á meðan upplesturinn fór fram. Það eru Raddir, samtök um vandaðan upplestur og framsögn sem standa að stóru upplestrarkeppninni og fór lokahátíðin fram á 32 stöðum að þessu sinni.



Hluti keppenda á lokahátíðinni í Seljakirkju.



Tónlistaratriði voru á milli upplesturs og þessi unga stúlka lék á fiðlu.



Keppendur bíða á meðan einn þeirra les úr Bardaganum við Bjarndýrið eftir Nonna.



Ólöf Ingimundardóttir aðstoðarskólalastjóri og Kristín Jóhannesdóttir, skólalastjóri Fellaskóla létu sig ekki vanta á lokahátíðina.



Þétt setnir áheyrendabekkir í Seljakirkju.

Ertu byltingarsinni?



Endurvinnslutunna
græn bylting í umhverfismálum!

Það er auðvelt að taka þátt í Grænu byltingunni. Þú einfaldlega hringir í síma 535 2510 og pantar þína Endurvinnslutunnu.

Í tunnuna mega fara **sjö flokkar** af endurnýtanlegum efnum.

Flokkun er einfaldari en þig grunar og með því stuðlar þú að aukinni endurvinnslu og leggur þitt að mörkum til umhverfismála.

Sparaðu þér spörin með Endurvinnslutunnunni!



GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

Söludeild Hringhellu 6 • 221 Hafnarfjörður • Sími 535 2510
gamar@gamar.is • www.gamar.is

Skoðaðu kynningarmyndband á www.endurvinnslutunna.is

Kennsluráðgjafi fyrir börn af erlendum uppruna

Þjónustumiðstöð Breiðholts hefur ráðið kennsluráðgjafa til þess að vinna með nemendum af erlendum uppruna. Hún heitir Arnbjörg Eiðsdóttir og vinnur að því að efla stuðning og fræðslu í þessum málaflokki í grunnskólum hverfisins. Þegar hefur verið haldinn fræðslufundur fyrir kennara á yngsta stigi sem var vel sóttur og fleiri slíkir fundir verða í boði á næstunni.

Arnbjörg getur aðstoðað við skipulag þróunarverkefna og veitt ráðgjöf í kennslu íslensku fyrir innflytjendur. Ennfremur er markmið þjónustunnar að efla samstarf þjónustumiðstöðvar Breiðholts við þá aðila og stofnanir sem vinna í þágu fólks af

erlendum uppruna. Arnbjörg býður meðal annars upp á fyrirlestra sem tengjast þessu málefni og eru skólar hvattir til að setja sig í samband við hana. Ráðning kennsluráðgjafa í nýbúafraeðslu í Breiðholti er í góðu samræmi við nýsamþykka stefnu Menntaráðs í málefnum innflytjenda og styrkir jafnframt þekkingu í fjölmenningsfræðum innan þjónustumiðstöðvar Breiðholts.



Arnbjörg Eiðsdóttir.

Mikill áhugi á málefnum Breiðholtsins

Hátt á annað hundrað manns mættu á samráðsfund borgarstjóra og Breiðhýltinga sem var haldinn í Seljaskóla laugardaginn 12. apríl sl. Fundurinn tókst vel í alla staði og athyglisvert var að fólk á öllum aldri mætti. Af því má sjá að málefni borgarinnar og Breiðholtsins snerta alla aldurshópa í hverfinu og eftirtektarvert var hversu mikil virkni var á meðal fundargesta þegar kom að fyrirspurnum og óformlegum umræðum á fundinum.

Um 250 ábendingar

Í máli Ólafs F. Magnússonar, borgarstjóra kom m.a. fram að Breiðholtið búi yfir ríkri hverfisvitund íbúa, mikilli náttúrufergurð og útsýni til allra átta enda hafa borgaryfirvöld ákveðið að koma upp tveimur útsýnismyndum í sumar, annarri við Höfðabakka en hinn við Selás með nöfnum helstu kennileita í umhverfinu. Ólafur vék síðan að því hvað framundan væri í Breiðholti af hálfu borgaryfirvalda. Hann sagði að framlag íbúa á samráðsfundi sem þessum ætti eftir að hafa áhrif á þann óskalista með 10 atriðum sem hverfirráð myndi senda til borgarinnar í byrjun maí. Katrín Ásmundsdóttir, nemandi í 10. bekk Seljaskóla, flutti ávarp á fundinum og lagði fram nokkrar ábendingar til borgarstjóra en lýsti jafnframt yfir ánægju með skólann sinn. Egill Örn Jóhannesson, formaður hverfisráðs Breiðholts og Ragnhildur Björg Guðjónsdóttir, varaformaður hverfisráðs kynntu helstu ábendingar sem höfðu komið fram á ábendingavefnum "1, 2 og Reykjavík" og voru orðnar hátt í 250 að tölu að morgni laugardagsins en að kvöldi fimmtudagsins 10. apríl höfðu borist 231 ábending úr Breiðholtshverfum sem verður að teljast mjög góð þátttaka. Umræður gáfu ábendingum ekkert eftir og voru mjög líflegar þar sem fundarmenn létu sitt ekkert eftir liggja.



Katrín Ásmundsdóttir, nemandi í 10. bekk Seljaskóla, flytur ávarp á samráðsfundinum



Ólafur F. Magnússon, borgarstjóri og Ólöf Guðný Valdemarsdóttir, aðstoðarmaður hans hlíða á umræður á samráðsfundinum. Myndir frá samráðsfundinum: Ágústa H. Gísladóttir.



Ragnhildur Björk Guðjónsdóttir, Egill Örn Jóhannesson, Halldór H. Árnason og Guðrún Jónsdóttir á samráðsfundinum.



Kolbrún Baldursdóttir og Stefán Jóhann Stefánsson ræða málin í kaffihléi.

Skemmtiatriði og kaffiveitingar

Nemendur úr grunnskólum Breiðholts, Tónskóla Eddu Borg og frá Fella- og Hólakirkju sýndu dans, lásu ljóð, spiluðu á hljóð-

færi og sungu undir stjórn og með aðstoð kennara, djákna og foreldra. Skemmtiatriðin lífguðu verulega upp á annars ágætan fund og eins veglegar kaffiveitingar sem voru á boðstólum í umsjón kvenna í Kvenfélagi Breiðholts og starfsfólks Seljaskóla.

Frístundaheimili og skóli við Kleifarsel

Borgarráð hefur ákveðið að festa kaup á húseigninni Kleifarseli 18 í Seljahverfi í Breiðholti. Um er að ræða verslunarhúsnæði og íbúðir sem ætlunin er að breyta í frístundaheimili ÍTR og starfsemi heilsdagsskóla fyrir fótluð börn. Einnig kemur til greina að annars konar skólastarf verði í húsinu.

Áform voru uppi um að breyta húsinu alfarið í íbúðarhús og byggja við það en því mótmæltu íbúar hverfisins og komu fram óskir þeirra um að húsið yrði nýtt íbúum hverfisins í hag.

Með því að nýta húsið í þágu skólastarfs vill borgin koma til móts við íbúana og efla þjónustu við börn og foreldra í hverfinu.

borgarblod.is



Rúnar Geimundsson

Sigurður Rúnarsson

Elís Rúnarsson

Þorbergur Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • runar@utfarir.is



Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990



Komdu í þægilegt og gott umhverfi

Mjóddin





Wilson's PIZZA



Bestu pizzur á Íslandi*

* Skv. könnun á vegum DV 14.02.08

3 staðir 1 símanúmer

S. 581 15 15

Gnoðarvogi 44 - Austurstönd 1 og Eddufelli 6



Eigum að nýta tímann nú til framkvæmda

“Ég flutti í Breiðholtið þegar ég var 15 ára 1976. Ég hóf einnig minn búskap sem ungur maður í verkamannabústöðunum í Efra Breiðholtinu. Ég hef reyndar búið út um alla borg ef svo má segja en er nú búsettur í Seljahverfinu. Ég kann mjög vel við mig þar og er ánægður með að vera kominn aftur á þessar slóðir. Það er stutt fyrir mig að fara í Elliðaárdalinn og líka stutt í hesthúsið því ég get labbað þangað. Ég get ekki hugsað mér að búa annars staðar en þar sem ég er. Áhugamál mín snúa einkum að útivist og hestamennsku og því er stutt fyrir mig að fara að hverju þeirra sem ég vil sinna,” segir Óskar Bergsson, borarfulltrúi í samtali við Breiðholtsblaðið.

Göngustígar og samgöngumiðstöð í Mjódd

Breiðholtið hefur verið svölitið á milli tannanna á fólki að undanförunu og rætt hefur verið um að lítið hafi verið gert í því hverfi af hálfu borgarinnar á undanförunum árum. Breiðholtið hafi bara byggt og gleymst. Hvernig sérð þú fyrir þér næstu skref í Breiðholtinu sem íbúi í hverfinu, áhugamaður um borgarmál og borgarfulltrúi? “Áhugi íbúanna í Breiðholti á umhverfi sínu kom snemma fram og sést einkar vel á því hversu flestir húseigendur hafa haldið eignum sínum vel við. Ég vona að þessi hugsjón lifi áfram og fólk verði vel meðvitað um hversu mikilvægt er að huga vel að eigum sínum og því umhverfi sem það býr við. Á sama hátt er mikilvægt að sveitarfélagið, í þessu tilviki Reykjavíkurborg, vinni með fólkinu og leggi sitt af mörkum til þess að lagfæra umhverfið og fegra. Ég held að það sem nú liggja fyrir sé að endurgera alla göngustíga í Breiðholts hverfunum. Einnig verði hugað að endurbyggingu ákveðna gatna sem ekki hafi notið nægjanlegs viðhalds eins og t.d. Seljabrautin og einnig að almenningssamgöngurnar verði eflar og þá ekkert síður innan hverfisins en utan. Ég held að nú sé orðið nauðsynlegt bæði fyrir Breiðholtsbúa og raunar Reykvíkinga og íbúa höfuðborgarsvæðisins að byggð verði samgöngumiðstöð í Mjóddinni. Mér finnst tími kominn til þess að samgöngum innan Breiðholtsins sé þannig háttað að fólk geti komið úr hverfinu niður í Mjóddina hvort sem er á eigin bílum eða með skipulögðum almenningssamgöngum innan hverfisins og síðan átt kost á ferðum þaðan niður í bæ eða til annarra staða. Þetta myndi bæði draga úr umferð og einnig styrkja Mjóddina sem versl-

unarmiðstöð og þjónustukjarna eða einskona miðbæ Breiðholtsins. Þetta er sú framtíðarsýn sem ég hef fyrir Breiðholtið auk þess sem íþróttafélögin í Breiðholti hafa setið eftir um ýmsar framkvæmdir. Það er mikið hagsmunamál fyrir Breiðholtsbúa að búið verði vel bæði að Leikni og ÍR og þegar lokið verður við þær framkvæmdir sem stefnt er að þá tel ég að það verði mikil lyftistöng fyrir starfsemi beggja félöguna og allt Breiðholtið.”

Þjónustuíbúðir og efling Mjóddarinnar

“Breiðholtið er að mestu byggt en þó eru nokkrar framkvæmdir fyrirhugaðar,” heldur Óskar áfram. “Þar er um að ræða byggingu þjónustuíbúða fyrir aldraða annars vegar í Mjóddinni en hins vegar á svæðinu á milli Gerðubergs og Fella- og Hólakirkju. Bæði þessi mál eru komin á fullt skrið hvað undirbúningur varðar og engin ástaða er til annars en að ætla að þeim verði unnið eins og stefnt hefur verið að. Nú hefur verið samþykkt stækkun til suðurs á byggingu Sambíóanna við Álfabakka og einnig þarf að leysa ákveðinn bílastæðavanda sem farinn er að gera vart við sig í Mjóddinni og hugsanlega að koma á betri nýtingu bílastæðanna þar sem að starfsemi bíósins fer að miklu leyti fram á öðrum tímum heldur en verslananna og þjónustuaðilanna þar. Eins og allir vita þá hafa starfað þrjú meirihlutar í borgarstjórn Reykjavíkur frá síðustu sveitarstjórnarkosningum. Fyrstu tveir meirihlutarnir höfðu báðir ýmsar framkvæmdir á þjónunum sem snertu Breiðholtið. Góðar væntingar og vinnsemi einkenndu þá báða. Síðan var þriðji meirihlutinn myndaður í raun ekki eftir neinn pólitískan ágreining og enn hefur ekki reynt fyllilega á fyrir hvað hann stendur þegar kemur að framkvæmdum. Ég er búinn að vasast í borgarmálunum um nokkurn tíma eða frá 1994 með hléum þar sem ég



Óskar Bergsson.

var að sinna öðru og þar á meðal námi á árunum frá 2002 til 2006. Ég hef verið varaborgarfulltrúi á þessu kjörtímabili og átt aðild að tveimur meirihlutum sem síkur en sama daginn og ég varð borgarfulltrúi þá lenti ég í minnihluta. Því er spurning um hvort ég hef haft meiri áhrif sem varaborgarfulltrúi í meirihluta eða sem borgarfulltrúi í minnihluta. Þetta er auðvitað nýtt hlutverk fyrir mig að vera í þessari borgarstjórn nú sem aðalfulltrúi og einnig að vera í minnihluta í fyrsta skipti. Þetta nýja hlutverk felst í því að veita þessum nýja meirihluta aðhald og sýna málefnalega stjórnarandstöðu.

Flugvöllurinn út á grynn-ingarnar eða áfram þar sem hann er

Flugvallarmálið hefur verið til umræðu að undanförunu og er umdeilt í borarstjórninni. Óskar bendir á að framsóknarmenn

hafi lengi talað um mögulega flugvallargerð á Lönguskerjum. “Þetta er gömul hugmynd sem Trausti Valsson, arkitekt og skipulagafræðingur setti fram fyrstur manna. Guðmundur G. Þórarinnson tók þessa hugmynd upp fyrir um 35 árum og Steingrímur Hermannsson íhugaði hana einnig af alvöru. Ég held að ef farið hefði verið í skipulagsvinnu á þeim tíma með langtímaverkefni í huga þá væri þessi flugvöllur kominn og menn þyrftu ekki að takast á um framtíð Reykjavíkflugvallar í Vatnsmýrinni. Nægur uppgröftur hefði lagst til á undanförunum árum til þess að mynda þær landfyllingar sem til þarf. Við höfum viljað halda þessari hugmynd opinni vegna þess að við skiljum alveg þau sjónarmið að byggja upp borgarhluta í Vatnsmýrinni þar sem flugvöllurinn er nú. En náist ekki samkomulag um að þróa flugvöllinn með einhverjum hætti út á grynn-ingarnar í Skerjafirði þá er afstaða okkur sú að hann verði áfram á þeim stað sem hann er og hefur verið. Ég sé þá framtíð ekki fyrir mér að Reykjavík verði algerlega án flugvallar og allt flug flutt út á Keflavíkflugvöll. Ég held að hugmyndin um að færa flugvöllinn að einhverju leyti að minnsta kosti út á grynn-ingarnar sé vel framkvæmanleg og þá ekki síst í ljósi þess hvernig Reykjavíkurhöfn hefur fengið að þróa með sínum hætti á norðanverðu nesinu. Höfuðborgin er samgöngumiðstöð eins og höfuðborgir eru jafnan og Reykjavíkflugvöllur er þannig ein af lífæðum hennar hvort sem um

innanlandsflug eða millilandasamgöngur er að ræða. Þess vegna er nauðsynlegt fyrir borgina að halda flugsamgöngum hvort sem notast verður við núverandi flugvöll með óbreyttu sniði eða að hann verður færður að einhverju eða öllu leyti út í Skerjafirðinn til þess að skapa byggingarármi og möguleika á nýju borgarhverfi sem vissulega getur verið hagstætt.”

Stofnun eignasjóðsins var stórt og mikilvægt skref

Nú eru ákveðnar blíkur á lofti í efnahagsmálum og hugsanlega einhver samdráttur framundan í atvinnulífinu. Getur Reykjavíkurborg eða sveitarfélögin almennt komið til móts við atvinnulífið t.d. með auknum framkvæmdum? “Á tímamarki sem þessum tel ég mikilvægt að aðili eins og Reykjavíkurborg stígi fram og noti þann tíma til þess að auka við framkvæmdir sínar. Ég álit að ávinningur geti falist í því fyrir borgina að fara í stór verkefni við slíkar aðstæður. Þær auka við atvinnustigið og minni hættu er á að þær skapi óeðlilega þenslu auk þess sem auðveldara ætti að vera að fá hagstæð tilboð í verk en það hefur reynt erfið í því ástandi sem verið hefur að undanförunu. Með tilkomu Eignasjóðs Reykjavíkurborgar urðu þær breytingar að framkvæmdir koma inn í reikningshald á mun lengri tíma og hafa ekki áhrif á rekstur aðalsjóðs borgarinnar frá degi til dags eins og áður var. Af þeim ástæðum er auðveldara að stýra framkvæmdum og nýta þann tíma sem getur verið hagstæður út frá almennum og einnig tímabundnum aðstæðum í þjóðfélaginu án þess að það komi við stöðu reikninga borgarinnar frá einu ári til annars. Á meðan þetta var allt undir einum rekstri þá gat verið freistandi fyrir borgarstjórn að skera stofnframkvæmdir niður til þess að spara og ná þannig hagstæðari niðurstöðutölum í ársreikningi. Menn jafnvel sparað sér til tjóns með þeim hætti en með þessar breytingu er það ekki lengur hægt og breytingin auðveldar borginni einnig að vinna að stofnframkvæmdum eftir aðstæðum í þjóðfélaginu hverju sinni. Kostnaður við stórfamkvæmdir á vegum borgarinnar nú getur skapað tekjur fyrir borgarstjóð á næstu árum og einnig til framtíðar. Stofnun eignasjóðsins er því í mínum huga bæði stórt og mikilvægt skref fyrir rekstur borgarinnar og ég hef mikla trú á þessum skipulagsbreytingum,” segir Óskar Bergsson, borgarfulltrúi.



Séð yfir hluta Vatnsmýrarinnar og Reykjavíkflugvallar.



Bláu húsin við Faxafen
Suðurlandsbraut 50
108 Reykjavík

Sími 568 1800

gleraugað@innnet.is
www.gleraugað.is

**Sjónmælingar
línsumælingar**



**Greiðslukjör
í allt að 36
mánuði**

(vísuþorb) Engin útborgun

**Greiðslukjör
í allt að 36
mánuði**

Hátt í tvö þúsund manns í páskaeggjaleit

Árleg páskaeggjaleit á vegum Sjálfstæðisfélaganna í Breiðholti og Árbæ fór fram Laugardaginn fyrir páskadag. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson formaður borgarráðs og oddviti sjálfstæðismanna í borgarstjórn setti páskaeggjaleitina af stað.

Margir lögðu leið sína í Elliðaárdalinn þennan dag eða hátt í tvö þúsund manns. Börnin leituðu að fagurlega skreyttum hænueggjum og fengu að launum súkkulaðiegg. Keppt var í húlahoppi og fengu sigurvegararnir stór súkkulaðipáskaegg í verðlaun. Allir fóru glaðir og ánægðir heim eftir skemmtilegan páskaeik.



Vilhjálmur Þ. ræsir fólk til leitar.

Hér eru mörg tækifæri

Sebastian Jeczelski hóf nám í Fellaskóla um síðustu áramót. Sebastián er 14 ára og nýlega kominn frá Póllandi þegar hann hóf námið. Faðir hans Daniel Jeczelski hefur búið hér á landi og starfað um tveggja ára skeið en móðir hans nokkru skemur. Með komu drengsins hingað til lands er fjölskyldan því sameinuð að nýju.

Sebastian segir að þótt hann hafi ekki verið hér nema í nokkra mánuði þá kunnir hann vel við landið og skólann sé mjög góður. Hann er farinn að tala svolitla íslensku og skilur þeim mun meira. "Ég byrjaði að læra ensku í Póllandi þegar ég var tíu ára en hafði ekki heyrt íslensku fyrr en að ég kom hingað. Íslenskan er nokkuð erfið en ég held að ég muni alveg ná tökum á henni. Þetta er svolítið vandasamt í byrjun en ekkert erfið og ég er farinn að fylgjast nokkuð vel með í skólanum." Stærðfræði er eitt af uppáhalds fögum Sebastians og hann leggur mikla rækt við hana auk þess að fylgjast með í öllu og að ná tökum á íslenskunni." Hann segist farinn að eignast vini hér á



Dorta Jeczelska, Sebastian Jeczelski og Daniel Jeczelski

landi, bæði í skólanum og einnig í fótbolta sem hann stundar með ÍR. "Ég hef gaman af fótbolta og þar hitti ég líka aðra stráka." Daniel faðir Sebastians segir fjölskylduna komna til þess að vera. Þau kunnir vel við sig og vilji skapa sér góða framtíð hér á landi. Sebastian bætir við að trúlega verði FB

næsta skref þegar náminu í Fellaskóla ljúki og síðan taki háskólanám við. "Hér eru mörg tækifæri til háskólanáms og svo get ég líka hugsað mér að fara í háskólanám til Evrópu eða jafnvel Bandaríkjanna," segir þessi áhugasami drengur sem er sestur að með fjölskyldu sinni hér á landi.

Marta Guðjónsdóttir skrifar:

Umhverfisdagar í skólum borgarinnar

Á fundi í menntaráði Reykjavíkur þann 19. febrúar 2007 lagði ég fram tillögu um að efnt yrði til tveggja umhverfisdaga í grunnskólum borgarinnar og að þeir dagar yrðu skilgreindir sérstaklega á skólalagatali. Tillagan var samþykkt samhljóða. Skólar borgarinnar hafa síðan varið tveimur dögum á skólaárinu sérstaklega til umhverfistengdra verkefna eins og útivist og umhverfisfræðslu.

Fyrri daginn voru börnin hvött til að fegra og hreinsa skólalöðina og nánasta umhverfi sitt.

Þann seinni sem var sl. haust voru svo börnin hvött til að ganga eða hjóla í skólann. Börn og foreldrar tóku vel í þessa hvatningu og mátti víða sjá börnin í Breiðholti annaðhvort ganga eða hjóla í skólann þennan dag.

Auk þess fengu allir nemendur 2. bekkjar að gróðursetja haustlauka sl. haust og lögðu þar með heilmikið af mörkum við að fegra umhverfi sitt. Nú má sjá víða afraksturinn við skóla borgarinnar þar sem krókusarnir eru einmitt þessa dagana að skjóta upp kollinum.

Þá hafa margir skólar farið skemmtilegar leiðir við að útfæra þessa daga með fjölbreyttum verkefnum.

Í einum skóla mældu nemendur vegalengdir sem gengnar höfðu



Marta Guðjónsdóttir, varaborgarfulltrúi.

verið og tímarnir sem það tók á meðan annar skóli stóð fyrir

umhverfiskynningu í skólanum sínum.

Nú fer að stytast í næsta umhverfisdag grunnskólanna sem verður föstudaginn 25. apríl nk. sem helgaður verður fegrun og hreinsun. Það er mikilvægt að það fari fram jákvæð umræða bæði í skólanum og á heimilunum um þessa umhverfisdaga því meginmarkmið þessara umhverfisdaga er að glæða skilning okkar á mikilvægi umhverfis og ábyrgð okkar, hvers og eins, gagnvart því.

Höfundur er varaborgarfulltrúi og situr í menntaráði Reykjavíkur fyrir Sjálfstæðisflokkinn

Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför



Sverrir Einarsson



Hermann Jónsson



Geir Harðarson



Bryndís Valbjarnardóttir



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is

Vaktsími: 581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt

Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Kístur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti



Fjölbrautaskólinn í Breiðholti býður mjög fjölbreytt nám: bóknám, listnám, iðnnám/starfsnám.

Bóknám leiðir til stúdentsprófs og er undirbúningur fyrir háskólanám.

Listnám er undirbúningur fyrir frekara listnám, arkitektúr og annað framhaldsnám.

Markmið iðnnáms/starfsnáms er að undirbúa nemendur fyrir störf í ýmsum greinum atvinnulífsins, veita sérhæfð starfsréttindi og/eða undirbúning fyrir frekara nám.

Bóknám til stúdentsprófs

Félagsfræðabraut

Málabraut

Náttúrufræðibraut

Viðskipta- og hagfræðibraut

Þriggja ára náttúrufræðibraut

Listnámsbrautir

Myndlistarkjörsvið

Textil- og hönnunarkjörsvið

Löggilt iðnnám

Húsasmíðabraut

Rafvirkjabraut

Snyrtibraut

Löggilt starfsnám

Sjúkraliðabraut

Sjúkraliðabruín

Eins til tveggja ára starfsnám

Grunnnám rafiðna

Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina

Handiðabraut

Íþróttabraut

Viðskiptabraut

Almenn námsbraut

Starfsbraut

Með viðbótarnámi er hægt að ljúka stúdentsprófi af öllum brautum.

Umsóknir, þeirra sem vilja skipta um framhaldsskóla, verða að berast fyrir 1. júní. Öll innritun í skólann er rafræn á heimasíðu skólans.

Innritun í Fjölbrautaskólann í Breiðholti er á netinu eða á skrifstofu skólans frá 09:00 til 15:00 og lýkur 11. júní.



Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Austurbergi 5 111 Reykjavík Sími 570 5600

Símbréf 567 0389 Tölvupóstur: fb@fb.is

www.fb.is

Bernskuminningar úr Breiðholtinu

Guðjón Þorsteinn Pálmarrson leikari og leikstjóri, betur þekktur sem Denni, sleit barnsskónum út í sveit en fluttist með foreldrum sínum í Breiðholtið 13 ára. Hann bjó í Blöndubakkanum þangað til að flökkueðlið tók yfir og hann fluttist langdvölum erlendis. Guðjón rifjar bernskuna í Breiðholtinu upp að þessu sinni.

Dauðfeginn að hafa ekki dagað uppi í sveitinni

Það var í byrjun júlí árið 1987 að mamma og pabbi sögðu mér og bróður mínum að við þyrftum að flytja í bæinn. Við bjuggum í Brautarholti á Skeiðum, sem er rétt hjá Selfossi, en pabbi var skólustjóri í Skeiðaskóla og hafði verið síðan 1972. Það var frábært að alast upp út í sveit og þurfa ekki að hafa áhyggjur af neinu. Við gátum farið að veiða þegar við vildum, smíðað það sem okkur datt hug í smíðahúsinu, farið á fleka á mýrarpollinum fyrir neðan bæinn, hangið á verkstæðinu hjá nágrönnunum og hjálpað til við viðgerðir, gert það sem okkur datt í hug. Við bræðurnir vorum ekki þar ánægðir með að vera skikkaðir til að flytja í Breiðholtið og mótmæltum af hörku. En það var ekki til umræðu og mánuði seinna vorum við mætt í Blöndubakkann. Það var þröngt hjá fjölskyldunni fyrsta árið, en við bjuggum sjó saman í íbúðinni; mamma, pabbi, bróðir minn, systir mín, kærastinn hennar og sonur þeirra sem þá var rétt eins árs. Sambúðin gekk ótrúlega vel og fjölskyldan styrktist í gegnum þetta allt saman. Það leið ekki á löngu þangað til við bræðurnir vorum orðnir hressir með flutningana.

Með miklu eðalfólki

En svo fór maður í Breiðholts-skóla og þar lenti ég í bekk með miklu eðalfólki. Maður kynntist fullt af fólki á mjög skömmum tíma. Sérstaklega minnisstætt er þegar ég kynntist Villa vini mínum. Hann bjó á númer 15. Hann var út á túni að leika sér með flugdreka þegar ég og bróðir minn hittum hann fyrst. Bróðir minn hélt að hann væri þroskaheftur, en það kom fljótt í ljós að hann var bara sérstakur en ekki fatlaður. Það var mjög skemmtilegt að vera í Breiðholtsskóla. Við stofnuðum hljómsveit og deildum æfingapláss með Lúðrasveitinni. Það var lítill kærleikur á milli þessara sveita, enda ólíkar að uppbyggingu og með ólík markmið. Við spiluðum einhverskonar pönk og aðeins frumsamið efni. Við nefndum hljómsveitina N.D.F. í höfuðið á Nínu Dögg Filippusdóttur, sem er núna ein af okkar allra bestu leikkonum. Hún var ein af fjölmörgum söngkonum sem voru í bandinu. Aðalmennirnir í bandinu voru Edilon Hellertsson sem spilaði á trommur, Magnús Ármann sem söng og hélt uppi stuði og ég sem spilaði á gítar. Ég man hvað ég var þrjálfæðislega feiminn á þessum tíma. Maður var þínulítil með risastóran gítar, í rifnum gallabuxum, með sítt ljóst háir í gömlum kjólfatajakka sem afi minn heitinn, Björn Jónsson ráðherra, átti. Það komu fleiri góðir við sögu.



Denni litli nýlega fluttur af Skeiðum í Bakkana.



Með Magnúsi Ármann að keppa í Breiðóvision.

Árni Þór Jónsson, karatesnillingur og myndlistamaður söng með okkur. Helgi "skáti" Kristinnson spilaði á hljómborð með okkur og Eiríkur "Faxi" plokkaði bassann á nokkrum tónleikum. Fjölmargar söngkonur þöndu raddböndin með okkur; Margrét, Ragna, Ingunn, María Lovísa og fleiri góðar stúlku, en þær vöktu alltaf mikla athygli á tónleikum enda glæsilegar með afbrigðum. Hljómsveitin var heilmikið fyrirtæki og spilaði tvisvar niður á torgi. Ekki má gleyma Jóni

Eyþóri sem sá um ljós og allt sem við kom rafmagn. Jón Eyþór smíðaði, þá 14 ára gamall, ljósamixer sem hann notaði til að gera alveg magnað ljósasjó á fyrstu tónleikum okkar. Hann hafði handlagna ekki langt að sækja en hann er barnabarn Jóns E. Guðmundssonar brúðugerðarmeistara.

Hljómsveitin sveifst einskis

Hljómsveitin sveifst einskis til



Með skólasystkinum á leiklistarnámsárum í Bretlandi.



Denni í dag.

að gera þessa viðburði sem glæsilegasta og segja má að botninum í því hafi verið náð þegar við stálum jólaseríu af tréi úr einhverjum garðinum í Stekkjunum. Það var ekki fallega gert, en serían tók sig svakalega vel út á trommusettinu.

Hljómsveitin var ekki alltaf samála kennurunum hvenær tónleikum sveitarinnar ætti að ljúka og var oftast en einu sinni dregið fyrir tjaldið þegar við hljómsveitin töldum okkur eiga heilmikið eftir. Það fór lítið fyrir góðærinu á þessum árum og flest allir skítblankir. Það kostar sitt að vera í hljómsveit og til að fjármagna gítar kaupin fór ég að bera út Moggann. Það leið ekki á löngu þar til maður var búinn að eignast eðalhljóðfæri, amerísk-

an Fender Stratocaster og Peavey magnara og Blöndubakkinn farið að nötra. Stundum heyrði ég í stelpunum á hæðinni fyrir ofan okkur æfa sig á píanóið. Þá stakk maður bara í samband og spilaði með þeim í gegnum steypuna.

Breiðholtið skemmtilegt og Bakkarnir sérstaklega

En það var margt fleira en hljómsveitin. Maður tók ríkan þátt í félagslífinu í skólanum, og svo var það auðvitað Breiðóvision, sem var hinn upprunalegi Skrekkur, og það æði byrjaði einmitt í Breiðholtsskóla og smitaðist síðan yfir til hinna skólanna og breyttist í Skrekk eins og hann er í dag. Þar má segja að maður hafi lagt grunninn að því sem maður er að gera í dag. Það var alltaf nóg að gera, enda Breiðholtið skemmtilegt svæði, og bakkarnir sérstaklega vel skipulagt svæði, sérstaklega þegar maður er unglingur og vill ólmur taka þátt í óæskilegri hópa-myndun. Ekki var allt gáfulegt sem við tókum okkur fyrir hendur, en við vorum svo sem ekki að reyna að kljúfa einhver atóm. Núna er maður kominn niður í Hlíðarnar og hefur það bara skrambi gott. En engu að síður gæti ég vel hugsað mér að flytja þangað aftur. Hver veit hvað gerist. Það var góður skóli að eyða unglingsárunum í Breiðholtinu og ég er dauðfeginn að hafa ekki dagað uppi í sveitinni.




RE/MAX
BORG-SENTER

Vegna stórauðinna umsvifa vantar okkur sölufulltrúa með reynslu eða mennun á viðskipta- og markaðssviði. Miklir tekjumöguleikar í frábæru starfsumhverfi. Framkvæmdastjóri: gsm 820 1299 - vt@remax.is

Kann mjög vel við mig hjá SPRON

Að undanförunu hafa birst athyglisverðar auglýsingar frá SPRON um þjónustu við Pólverja á Íslandi. Ung kona kemur fram í auglýsingunni. Hún heitir Agata Maria Knasiak og er frá Póllandi. En hún er ekki aðeins andlit í auglýsingu heldur starfar hún hjá SPRON í Ármúlanum og sinnir þar störfum viðskiptafultrúa en starf hennar felst einkum í þjónustu við landa sína. "Pólverjum finnst þægilegt að hitta samlanda sína einkum vegna tungumálsins þar sem allir hafa ekki náð góðum tökum á Íslenskunni," segir Agata sem talar sjálf mjög góða íslensku eftir um fjögurra ára dvöl hér á landi.

En af hverju ákvað hún að koma hingað til Íslands? "Við vorum ákveðin að reyna fyrir okkur í öðru landi og maðurinn minn fór hingað til þess að kanna aðstæður og leita eftir vinnu. Hann er pípulagningamaður heitir Robert Andrzej Knasiak og rekur nú Pípulagningaþjónustu Róberts ásamt tveimur Íslendingum. Hann var búinn að vera hér í um sex mánuði og vinna þegar við ákváðum að ég og dóttir okkar kæmum hingað. Ég hafði lokið stúdentsprófi í Póllandi og einnig námi í skóla fyrir ritara. Nei - ég byrjaði ekki strax að vinna í banka. Ég vann fyrst í Blómastofunni á Eiðistorg á Seltjarnarnesi en við búum á Nesinu og síðan hjá Viðskiptum og þjónustu. Ég fór líka að læra íslensku, fyrst hjá Námsflokki Reykjavíkur og síðar í Háskóla Íslands. Íslenska er erfið en það er nauðsynlegt að læra hana ætli maður að búa og starfa hér á landi." Agata segir að þau hjónin séu komin til þess að vera og byggja framtíð sína á Íslandi. "Fjölskylda mannsins míns er flutt hingað til lands en mín fjölskylda býr í Póllandi." Agata hóf störf hjá SPRON 1. desember á liðnu ári og fór þá að veita Pólverjum þjónustu. "Starf mitt er að miklu leyti fólgið í að veita þeim upplýsingar um þá þjónustu sem þér geta fengið hér hjá SPRON og einnig að veita þeim þá ráðgjöf sem þeir óska. Bankaþjónusta er um margt lík á milli landa en þó er alltaf eitthvað sem ekki er eins og auðveldara er fyrir útlendinga að skilja hitti þeir einhvern sem talar móðurmál þeirra ekki síst þegar um ráðgjöf er að ræða." Agata segist kunna mjög vel við starfið hjá SPRON. Það sé gefandi og hún starfi með góðum hóp af samstarfsfólki. Hún segist einnig geta hugsað sér að læra meira en ekki tekið neina ákvörðun um það enn þá. "Ég er nú að vinna hér hjá SPRON og ætla að einbeita mér



Agata Maria Knasiak við vinnu sína hjá SPRON í Ármúlanum. Agata Maria Knasiak podczas pracy w SPRON przy Ármúli.

að þeim verkefnum sem mér eru falin."

Podoba mi sie praca w SPRON

W ostatnim czasie ukazywały się interesujące reklamy Banku Oszczędnościowego Spron na temat us_ug dla Polaków zamieszkujących na Islandii. Na zdjęciu widzimy młodą kobietę. Nazywa się ona Agata Maria Knasiak i pochodzi z Polski. Nie jest ona tylko osobą, która pozwoliła sfotografować swoją twarz, ale pracownikiem w SPRON, przy ulicy Ármula, w dziale obsługi klienta. Jej praca polega przede wszystkim na obsłudze i udzielaniu porad finansowych swoim rodakom. "Polakom wydaje się to pomocne spotkać osobę z kraju ojczystego, ze względu na język islandzki, który nie przez wszystkich jest odpowiednio opanowany," mówi Agata, która sama rozmawia bardzo dobrze w języku islandzkim, po tylko czteroletnim pobycie na Islandii.

Ale z jakiego powodu przyleciała do Islandii? "Zdecydowaliśmy wraz z mężem spróbować życia w innym kraju i dlatego rozpoczął on poszukiwanie pracy. Sam z zawodu jest hydraulikiem, nazywa się Robert Andrzej Knasiak. W tej chwili prowadzi on swój prywatny zakład o nazwie Usługi hydrauliczne Roberta, wraz z dwoma Islandczykami. Robert pracował na Islandii już przez szesć miesięcy, kiedy z córką dojechalysmy do niego. Z Polski mam dyplom maturalny i ukończona szkole dla sekretarek. Nie

od razu podjęłam pracę w banku. Najpierw pracowałam w kwaciarni przy Eiðistorg w Seltjarnarnesi, w tej dzielnicy mieszka moja rodzina. Później pracowałam w firmie Viðskipti og þjónusta. Rozpoczęłam naukę islandzkiego w Námsflokkar Reykjavíkur, a następnie w Háskóla Íslands (Uniwersytet). Język islandzki jest bardzo trudny, jednak niezbedny, jeżeli postanawia się zamieszkać i pracować w tym kraju." Agata zaznacza, iż jej rodzina wiąże swoją przyszłość z Islandią. "Rodzina mego meza mieszka tutaj, a moja rodzina jest w Polsce." Agata podjęła pracę w SPRON 1 grudnia zeszłego roku, w tym roku rozpoczęła pracę jako doradca finansowy dla Polaków. "Moja praca polega przede wszystkim na udzielaniu informacji na temat usług SPRON oraz na udzielaniu porad, o które proszą klienci. Usługi bankowe podobne są we wszystkich krajach, jednak zawsze może pojawić się jakiś kłopot, który najłatwiej jest omówić w swoim języku ojczystym, dotyczy to również doradztwa finansowego." Agata lubi swoją pracę w SPRON. Praca daje jej wiele i grupa ludzi z którymi współpracuje jest dobra. Agata powiedziała również, że jest gotowa do dalszej nauki, ale jeszcze nie podjęła w tym kierunku żadnych kroków. "W chwili obecnej muszę skoncentrować się na mojej pracy w SPRON i tymi zadaniami, które zostały mi powierzone."



"Þetta hefur farið vel af stað hjá okkur," sagði María Ásgeirsdóttir, versunarstjóri hjá Eymundsson í Mjóddinni í samtali við Breiðholtsblaðið en versluninni var breytt verulega á liðnum vetri.

"Við fórum af stað með nýju verslunina um það leyti sem fermingarnar stóðu yfir og fyrsta yfirbragð hennar bar því nokkurn keim af þeim hvað útstillingar og efni snerti. Við reynum að skipta út og miða vöruúrvalið að hluta til við tímabundna viðburði og við munum því leggja áherslu á útskriftirnar á næstunni því fólk leitar mikið í bóka- og ritfangaverslanir til þess að finna gjafir fyrir þá sem eru að ljúka námsáföngum. Og svo má geta þess að nú erum við komin með kaffihorn í verslunina þar sem fólk getur fengið sé kaffisopa," sagði María að lokum.



Arnór L. Pálsson
framkvæmdastjóri



Ísleifur Jónsson
útfararstjóri



Frímánn Andrússon
útfararþjónusta



Svafar Magnússon
útfararþjónusta

— REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST —



Hugufrún Jónsdóttir
útfararþjónusta



Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta



Þorsteinn Elísson
útfararþjónusta



Ellert Ingason
útfararþjónusta

Þegar andlát ber að höndum

Önnumst alla þætti útfararinnar



**ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA**

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is

Wilsona pizza opnar í Eddufellinu

Wilson's pizza hefur opnað pizzastað í Eddufelli 6 í sama húsnæði og Bonusvídeó. Þetta er þriðji pizzastaðurinn sem Wilsons opnar. Sá fyrsti var opnaður við Gnoðarvog gegnt Menntaskólanum við Sund 2005 og sá næsti við Austurströnd á Seltjarnarnesi haustið 2006 en þar eru pizzastaður og vídeóleiga rekin undir sama þaki á sama hátt og nú er gert í Eddufellinu.

Villi sagði í samtali við Breiðholtsblaðið að sér litist vel á þennan nýja stað. Um fjölmennt hverfi væri að ræða og það vantaði þjónustu af þessu tagi í hverfið. DV hefur að undanförunu fengið matgæðinga til þess að prufa ýmiskonar mat og smökkuðu gæðingar blaðsins á ýmsum pizzum fyrir skömmu til þess að gefa þeim einkunn. "Við komum mjög vel út úr þessari könnun blaðsins þar sem matgæðingarnir með Jóa Fel í hópnum gáfum



Wilsonspizza í Eddufellinu á sama stað og Bónusvídeó.

pizzunum okkar hæstu einkunn," segir Villi ánægður með að geta

boðið Breiðhylltingum upp á gæða pizzu á góður verði.



Snyrtistofan Þú um þig hefur flutt starfsemi sína í nýtt húsnæði að Hraunbergi 9, Breiðholti. Opið þriðjudaga og miðvikudaga og eftir samkomulagi. Sigrún Konráðsdóttir býður nýja og gamla vískaðavini velkomna. Tímappantanir alla daga í s: 587-8611. Sjáumst.

Þú- um þig
SNYRTISTOFA



Þú klippir -við hirðum

Starfsmenn Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar fara um borgina dagana 26. apríl til 3. maí og sækja garðaúrgang. Settu greinar í knippi, annan garðaúrgang í poka og komdu þessu fyrir á áberandi stað við lóðarmörk.

Ekki verða fjarlægð stór tré og trjástofnar. Eingöngu verður fjarlægður garðaúrgangur en ekki laus jarðvegur. Íbúum sem þurfa að losa sig við annað rusl eða muni er bent á Sorpu.

Nánari upplýsingar hjá símaveri í síma 411 1111.



Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar | Borgartúni 10-12 | www.reykjavik.is/fer

Hvaða bók/bækur ertu að lesa?



María Ásgeirsdóttir er lesandi Breiðholtsblaðsins að þessu sinni. Hún er verslunarstjóri hjá Eymundsson í Mjódd.

Ég er eins og svo margir Íslendingar forfallinn bókasafnari og á orðið ansi gott safn af ýmsum bókum sem ég er svo í vandræðum með að koma fyrir á heimili mínu. Það hreinlega vellur út úr bókahillunum þó ég sé búin að koma eldri bókum fyrir ofan í kassa og inn í geymslu. Því ekki hendi ég góðum bókum eins og bókaflklar vita, maður veit aldrei hvenær maður þarf á þeim halda síðar. Annars held ég frekar upp á fræðibækur, listaverkabækur og ýmsar handbækur, þær eru mitt gull. Um þessar mundir safna ég mikið af bókum sem tengjast áhugamálum mínum, það er að segja allt um óhefðbundnar lækningar eins og jurtalækningar, ilmólíukjarnafræði, nálastungur, um austurlensk fræði eins og Ayurveda og yoga. Nú nýverið festi ég kaup á bók hér í Eymundsson sem fjallar um mannlíkamann hún heitir THE HUMAN BODY BOOK, AN ILLUSTRATED GUIDE TO ITS STRUCTURE, FUNCTION AND DISORDER. Frábær bók með flottum litmyndum og góðum skýringum um hvernig mannlíkaminn virkar, einnig fylgir DVD diskur með sem sýnir öll líkamskerfin og hvernig líffærin starfa. Ég var líka svo heppin að fá í afmælisgjöf bókina Maðurinn sem JPV útgáfa gaf út nú fyrir jólin. Þessi bók er skipt niður í átta kafla sem fjalla um öll svið manlegrar tilveru eins og starfsemi mannlíkamans, um æviskeið mannsins, menningu, trúarbrögð og þess háttar. Þetta er ein af þessum bókum sem maður flettir upp í aftur og aftur. Ég verð all-



María Ásgeirsdóttir

taf svo glöð þegar svona flottar bækur eru þýddar yfir á íslenska tungu, önnur athyglisverð bók í sama bóka-flokki er bókin Jörðin. Hún er einnig prýdd stórkostlegum myndum og er hafsjór af fróðleik um umhverfi okkar og andrúmsloft.

Ég verð nú að nota tækifærið og hrósa bókaútfendum fyrir hvað þeir eru orðnir duglegir við að gefa út skáldsögur og ævisögur í kiljuformi. Nú er landinn loks farinn að kunna að meta þetta ágæta bókarform sem er bæði miklu ódýrara og þægilegra í meðförun og þess vegna kaupir maður mun oftar bækur fyrir sjálfan sig en áður.

Ég hef nýlengið við lesningu á bókinni Bibí Ólafsdóttir sem skrifuð er af Vigdís Grímsdóttir. Mjög vel heppnuð bók, Vigdís tekst svo vel að koma persónunni Bibí á blað að ég hreinlega heyrði rödd Bibar þegar ég las bókina, í orðsins fyllstu merkingu.

Lyktarskyn mitt fór líka algjörlega á stað og ég fann ilminn af aðstæðum hennar hvort sem var í Múlakampi eða í sveitinni að Fossi við Bíldudal. Bibí hefur átt án efa skrautlega ævi

og þurft að takast á við mikið andstreymi, en samt er engin vælutónn í Bibí og glettin húnur hennar kemur svo vel fram í bókinni. Ég hvet alla sem hafa gaman af skemmtilegu fólki til að lesa þess dásamlegu bók. Næst ætla ég lesa Minnisbók Sigurðar Pálssonar ljóðskálds þar sem hann segir frá endurminningum sínum í Frakklandi á árunum 1967 til 1982. Þessi bók hlaut íslensku bókmenntaverðlaunin 2007 og hefur fengið frábæra dóma. Önnur bók sem ég mæli með er Yacoubian Byggingin sem Bjartur gaf út eftir Alaa al-Aswany. Þetta er saga sem gerist í Egyptalandi og fjallar um ólíka hópa fólks sem býr í gömlu háhýsi í miðborg Kairó. Bók sem fjallar um völd, peninga, kynlíf, stjórnmál og trú. Öðruvísi bók sem leynir á sér. Aðrar bækur sem bíða lesningar eru Bréf til Láru eftir Þórberg Þórðarson og Piltur og stúlka eftir Jón Thoroddsen sem nú hafa verið endurútgefnar. Barna eru tvær klassískar en ólíkar bækur á ferð sem vert er að kunna skil á. Tímastjórnum í starfi og einkalífi eftir Ingrid Kuhlman er bók sem ég er með við höndina í augnablikinu. Ingrid Kuhlman er framkvæmdastjóri Þekkingarmiðlunar og hefur haldið fjölda námskeiða og fyrirlestra um starfsmannamál, markmiðasetningu og samhæfingu vinnu og einkalífs. Þetta er ekki bók sem ég mundi venjulega velja mér, en vinnunnar vegna þarf ég að lesa svona bókmenntir líka og viti menn þetta er hin finasta bók, fljótlesin og auðskiljanleg.

Í þessari bók eru ýmsar góðar ráðleggingar sem ég get nýtt mér til að skipuleggja tíma minn betur. Ef til vill mun ég hafa meiri tíma til að lesa fleiri bækur.

Kolbrún Baldursdóttir, stjórnarmaður Íbúasamtakanna Betra Breiðholt skrifar:

Margbrotið mannlíf í Breiðholti - Hlúa þarf að ímyndinni

Þegar ég var að alast upp á Melunum í Vesturbænum var Breiðholtið að byggjast upp. Áhersla var lögð á að byggja vel skipulagt og barnvænt hverfi. Eins og gjarnan er um ný hverfi dró Breiðholtið til sín ungt fjölskyldufólk. Á unglingsárunum er mér vel minnstætt hversu miklir fordómar ríktu í garð krakkaanna í Breiðholti. Í augum margra í Vesturbænum voru unglingsarnir í Breiðholti hinir mestu villingar. Ef fregnir bárust af óknyttum unglunga einhvers staðar í Reykjavík var gjarnan ályktað að þar hefðu krakkar úr Breiðholti verið að verki. Ofursett fordómum í garð Breiðholtskrakkanna hugsaði ég með sjálfri mér að í Breiðholti myndi ég aldrei á ævinni flytja. En vísast er að spara allar fullyrðingar um hvað lífið ber í skauti sér. Einn fagran sumardag fyrir fáeinum árum flutti ég ásamt fjölskyldu minni í Breiðholti. Nú er ég stoltur Breiðholytingur og ber hag hverfis míns alls fyrir brjósti.

Þeir eru ófáir íbúar í Breiðholti sem finnst að enn séu til fordómar í garð Breiðholtsbúa og að ímynd hverfisins hafi átt undir högg að sækja undanfarin misseri. Áhyggjurnar eru ekki að ástæðulausu. Fólk er sér meðvitað um að fordómar eru þess eðlis að það getur tekið áráðir að vinda ofan af þeim ná þeir að myndast. Séu fordómar undirliggjandi þarf oft ekki nema eina neikvæða upphákomu til að festa þá enn frekar í sessi.

Skortur á upplýsingum eða einhliða upplýsingar eru ein helsta uppspretta fordóma og einnig það sem viðheldur þeim einna helst. Ef hrekja á fordóma þurfa nýjar jákvæðar upplýsingar að berast. Þess vegna er svo mikilvægt að vandað sé til allrar umfjöllunar um

hverfi eins og Breiðholt og að þeir sem flytja fréttirnar fari vel með þær upplýsingar sem þeir byggja frétt sína á. Umfjöllun fjölmiðla skiptir sköpum því fréttaflyttingur, þar sem áherslan er e.t.v. að draga upp dökkar myndir af mannlífni í hverfinu, litir eðlilega huga og viðhorf almennings.

Í Breiðholti finnst margbrotið mannlíf. Ástæðan fyrir því að fólk velur að búa þar er vegna þess að því finnst hverfið uppfylla væntingar sínar og barna sinna. Vissulega má margt betrumbæta eins og gengur og gerist í hverfum sem komin eru af yngsta skeiði. Börn og unglingar sem alast upp í Breiðholti myndu tengsl við umhverfi sitt. Í stað þess að mæta fordómum eins og börnin á sjöunda og áttunda áratugnum, vilja Breiðholytingar að börnunum líði vel í hverfinu sínu og geti stolt sagst búa í Breiðholti. Til að svo megi verða þarf að leggja á eitt með að flytja almennigi

upplýsingar sem eiga sér stað í raunveruleikanum og eru lýsandir fyrir heildina. Með því sé sýnt fram á að hæpið sé að mynda sér skoðun á þriðja tugbúsund íbúum í Breiðholti byggða á neikvæðum upplýsingum um e.t.v. afmörkuð tilvik. Það er tímabært að losa um áratuga fordóma gagnvart íbúum í Breiðholti og Breiðholts hverfi öllu. Í svo fjölmennu og margbreytilegu hverfi sem Breiðholti er, býr þverskurður samfélagsins. Þeir sem kynnt hafa á eigin skinni hvernig það er að búa í Breiðholti bera hverfinu góða sögu og geta jafnvel hvergi annars staðar hugsað sér að búa.



Kolbrún Baldursdóttir.

Samstarf um þjónustu vegna geðraskana

Þjónustumiðstöð Breiðholts, Barnavernd, Heilsugæslan í Efra-Breiðholti og BUGL hafa gert með sér samstarfssamning um þverfaglega samvinnu.

Meginmarkmið samningsins er að samhæfa úrræði og þróa nýjar leiðir í þjónustu fyrir einstaklinga, börn með hegðunar- og geðraskanir og fjölskyldur þeirra. Barna og unglingsgeð-

deildin hefur jafnframt sýnt áhuga á að taka þátt í samstarfinu sem er mikið framfaraspor sem stytir vonandi biðlista og gerir þjónustuna enn heildstæðari og markvissari. Að sögn Þorsteins Hjartarsonar hefur Þjónustumiðstöð Breiðholts sett sér það markmið á árinu að ná samskonar samstarfi við Heilsugæsluna í Mjódd.

NETSAGA.IS

MYNDARAMMAR OG MYNDAALBÚM

Skurum karton
eftir máli

myndval

Þönglabakka (Mjódd) 4 sími 557 4070
myndval@myndval.is
www.myndval.is



TIL UMHUGSUNAR

Eftir Bryndísi Möllu Elíóttir

Gleðilegt sumar

Íslendingar hafa alltaf verið nokkuð sérlanda þjóð og sjálfstæð. Við höfum viljað halda okkar einkennum og okkar sérstöðu og þó við séum áhrifgjörn þjóð, þá höfum við aldrei verið góð í því að taka við tilskipunum annars staðar frá. Saga aldanna og genginna kynslóða sýnir okkur hvernig tilskipanir voru annað hvort hunsaðar með öllu eða þá sveigðar til eftir því sem hentaði hér á landi. Sennilega voru bæði kostir og gallar við það en einn af kostum þess njótum við þegar við fögnum Sumardeginum fyrsta en hann er einn af elstu hátíðisdögum okkar. Hann virðist hafa fylgt þjóðinni nánast frá upphafi, þegar tímatalið miðaðist aðeins við sumar og vetur. Þá var áramótum ekki fagnað sem slíkur heldur telur Árni Björnsson þjóðháttafræðingur að upphaf árs hafi miðast við Sumardaginn fyrsta. Með kristinni kirkju barst nýtt tímatal og nýir hátíðisdagar. Í lang flestum löndum sem tóku hinn nýja sið var tímatalið um leið tekið upp. En ekki hér á landi. Hið gamla tímatal var smám saman samræmt kirkjuárinu en aldrei alveg til hlítar. Þannig höldum við enn í heiðri hinum fornu nöfnum mánaðanna, Þorra, Góu, Einmánaðar og Hörpu sem hefst á Sumardaginn fyrsta. Vegna þessarar sérstöðu eða sér-

lundar okkar, þá stóð Sumardagurinn fyrsti af sér breytingar á tímatali og er enn haldinn hátíðlegur um allt land. Einnig er það svo að margt eldra fólk sem fæddist á fyrri hluta síðustu aldar miðar afmælisdag sinni ekki við ákveðinn mánaðardag heldur talar út frá hinu forna tímatali. Afmælisdagurinn er þá í annarri viku Einmánaðar, fyrsta sunnudag í vetri eða á Sumardaginn fyrsta og jafnvel er það svo að fjölskyldan er ekki viss um nákvæman fæðingardag samkvæmt tímatali nútímans.

Oft á tíðum er Sumardagurinn fyrsti okkur kærkomin staðfesting á því að sól fer sífellt hækkandi á lofti og bjartari og betri tíð sé fram undan. Eftir nokkuð snjópungan vetur er beðið með óþreyju eftir hlýnandi veðri og bjartri sumarsól. Fyrr á öldum var það hins vegar aldrei skilningur manna að með Sumardeginum fyrsta ætti að koma sumarblíða. Einungis markaði hann upphaf sumarmisserisins og munum við enda sjálfsgat öll eftir því að hafa fagnað sumri í snjókomu, kulda og trekk. Nútíminn er hins vegar kröfuharðari og finnst mörgum sem sumarhiti eigi að vera kominn strax á morgunn. Kröfur okkar verða sífellt meiri og þar af leiðandi kvartanir okkar einnig. Engu máli virðist stundum skipta

þó kröfurnar beinist að því sem við höfum enga stjórn á eins og veðri og vindum, lækkandi gengi eða vaxandi verðbólgu. Við vitum það hins vegar að sumt er utan þess sem við fáum stjórn að meðan við höfum annað fyllilega í hendi okkar. Við vitum ekki hvernig komandi sumar verður - hvort það rigni meira og minna í allt sumar, hvort krónan haldist stöðug eða hvernig gengi hlutabréfa verður. Við getum ekki talið sólarlagana eða vikurnar fyrir fram en við ráðum samt miklu um það sjálf hvernig sumarið reynist okkur. Því hamingjuna höfum við í hendi okkar, að því marki sem okkur er gefið að vinna úr þeim dögum sem við fáum, sólarrikum sem öðrum. Þar ræður miklu að horfa með bjartsýni fram á vegin og treysta því góða, fagra og fullkomna sem lífið býður upp á. Sumardagurinn fyrsti er dagur vonarinnar og bjartsýnnar, við treystum algóðum Guði sem skapaði sumar, vetur, vor og haust og minnir okkur sífellt á mátt sinn, miskunnsemi og kærleika í þeim hamingjubrotum sem hvarvetna má finna. Guð gefi að þú lesandi góður, megi bera gæfu til þess á komandi sumri og varðveita birtuna í hjarta þér. Gleðilegt sumar.



Anna María Valdimarsdóttir og Kristín Jóna Grétarsdóttir veita fjölpætta þjónustu í Hólmaseli.

Allt á einum stað

Við heimsóttum Önnu Maríu Valdimarsdóttur og Kristínu Jónu Grétarsdóttur í skemmtilega þjónustumiðstöð þeirra í Hólmaseli 2 þar sem er að finna Hárstofuna Noon, sólbaðstofuna Super sól, Snyrtistofuna Þín ósk, kvenvöruverslun með skart og töskur og trimformþjónustu - allt á einum stað.

Þær stöllurnar byrjuðu reksturinn með opnun hárstofunnar Noon í Hólmaselinu þann 1. apríl 2001 og fagna því sjö ára afmælis um þessar mundir.

Anna María sagði að á þessum sjö árum hafi reksturinn gengið mjög vel og stöðugt hafi þær aukið við úrvalið og þjónustuna. "Við erum eina verslunin í Seljahverfinu, sem sérhæfir sig í

vörum og þjónustu fyrir konur. Að sjálfsögðu klippum við líka karlmenn og börn. Við bjóðum fjölbreytt úrval af hárvörum frá Sebastian og Tigi. Svo má ekki gleyma að við erum með góð tilboð í tilefni af afmælinu" Sagði Anna María okkur og bætti svo við. "Svo má ekki gleyma opnunartímunum okkar sem er frá kl. 10:00 til 22:30 á virkum dögum en til klukkan 20:00 um helgar. Hárstofan lokar þó fyrr. Það getur komið sér vel fyrir konur sem þurfa óvænt að dressa sig upp, ef vantar tösku eða fylgihluti, eða herra sem langar að færa elskunni sinni fallega gjöf, að geta komið til okkar, eftir að aðrir hafa lokað, og fengið það sem vantar."

VERTU

FERÐALANGUR

Á HEIMASLÓÐ

sumardaginn fyrsta, 24. apríl



DAGSKRÁIN
KEMUR INN UM
LÚGUNA!

Útsýnisflug – Fjór hjól – Gönguferðir – Fræðsla og fróðleikur – Útileikir – Ratleikur
Kayak – Söfn – Siglingar – Hjólreiðar – Fossar og tröll – Sólarsögur og margt fleira

Dagskrá er dreift með 24 stundum þriðjudaginn 22. apríl.

www.ferdalangur.is



Sumarnámskeiðin vinsælu hefjast 9. júní

FJÖRKÁLFAR Í FRJÁLSUM OG FÓTBOLTA 5-12 ÁRA

Námskeiðið er fyrir hádegi og ætlað stelpum og strákuum fædd árið 1996-2002. Um 2ja vikna námskeið er að ræða. Á námskeiðinu fá börnin tækifæri til að iðka bæði fótbolta og frjálssar íþróttir í bland við ýmsa leiki og útiveru. Námskeiðið er kl. 08:30-12:30 með nestisbita kl.10:30. Í íþróttagreinunum tveimur verða börnin að hluta til saman en einnig verður þeim skipt upp í smærri hópa eftir aldri og kunnáttu í viðkomandi grein. Öllum er veitt viðurkenning að námskeiði loknu og grillað. Aðstaðan til þessarar íþróttaiðkunar er mjög góð við félagsheimili ÍR að Skógarseli, t.a.m. er til afnota einn fullkomnasti gervigrasvöllur landsins.

Verð fyrir 2 vikur kr. 10.000.-

Tilvalið er að fara á önnur námskeið eftir hádegi, þá Íþrótt- og leikjanámskeið ÍR eða sundnámskeið hjá Ægi en kennslan fer fram í sundlaug Ölduselsskóla sem er í 5 mín. göngufæri frá ÍR heimilinu.

| Námskeið | Tímabil |
|------------|--------------------|
| Námskeið 1 | 9. - 20. júní |
| Námskeið 2 | 23. júní - 4. júlí |
| Námskeið 3 | 7. - 18. júlí |



ÍÞRÓTTA- OG LEIKJANÁMSKEIÐ ÍR FYRIR 5-9 ÁRA

Þetta vikunámskeið er bæði fyrir stelpur og stráka fædd 1999-2002. Á námskeiðinu verður farið í fullt af leikjum, s.s. ratleiki, gamla góða útileiki, börnin reyna sig í nokkrum íþróttagreinum, reynt við hornslaveiðar og ýmsar heimsóknir svo sem í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn. Nýjungin í þessu námskeiði er sundkennsla frá Sundfélaginu Ægi í sundlaug Ölduselsskóla. Með þessu öllu stuðlum við að fjölbreyttri hreyfingu fyrir börnin og skemtilegri upplifun enda einstaklega áhugavert námskeið á ferð. Þess fyrir utan er umhverfi ÍR stórbrotið og margt hægt að gera í gönguferðum. Íþróttafraeðinemi kennir sundið en hún hefur einnig lært þjálfun hjá ÍSí og hjá Sundsambandi Íslands, sem og kennt sund í nokkru ár hjá Ægi og býr að sundlaugavardarprófi.

Námskeiðin eru í boði allan daginn, frá kl.09:00-16:00, eða hálfan dag fyrir þá sem þess óska. Börnin hafa jafnframt kost á að vera í gæslu frá 8:00-09:00 og frá 16:00-17:00 dagana sem þau eru á námskeiðinu og er ekki greitt sérstaklega fyrir það. Hverju námskeiði lýkur með afhendingu viðurkenningaskjala og grillveislu í hádeginu. Verð fyrir ½ dag í heila viku er kr. 3.900 og allur dagurinn í heila viku kostar 7.500 kr.

| Námskeið | Tímabil |
|------------|---------------------|
| Námskeið 1 | 9. - 13. júní |
| Námskeið 2 | 16. - 20. júní |
| Námskeið 3 | 23. - 27. júní |
| Námskeið 4 | 30. júní. - 4. júlí |
| Námskeið 5 | 7. - 11. júlí |
| Námskeið 6 | 14. - 18. júlí |
| Námskeið 7 | 21. - 25. júlí |



Skráning á námskeiðin hefst mánudaginn 5. maí og fer hún alfarið fram í gegnum skrifstofu ÍR á 2. hæð félagsheimilisins frá kl.10-16.

Nánari upplýsingar um námskeiðin hjá Sigrúnu Grétu Íþróttafulltrúa ÍR í síma 587-7080.

Grænir ÍR-ingar?



Það er hvorki af fávísi né leiða á bláhvíta félagslitnum sem frjálss-íþróttadeild ÍR verður "græn" á næstunni heldur af þátttöku í umhverfisátakinu "Græna tunnann" í samvinnu við Íslenska Gámafélagið.

Markmið verkefnisins er að hvetja til notkunar á svokallaðri Grænni tunnun sem auðveldar fólki að spara tíma, pláss og eldsneyti með því að flokka endurvinnanlegt sorp heima hjá sér. Tunnan er tæmd reglulega af Íslenska Gámafélaginu. Nánari upplýsingar um tunnuna er að finna á vefsíðunni www.gamur.is. Með átakanu vill Íslenska Gámafélagið slá tvær flugur í einu höggi; styðja við starfsemi félaga og vinna um leið að útbreiðslu Grænu tunnunnar. Hafa önnur félög þegar tekið þátt í góðu samstarfi og er nú komið að því að breiða út Grænu tunnuna í Breiðholti. Helgina 17.til 18. maí munu ungir frjálssíþróttamenn ÍR ganga í hús og bjóða Breiðhylltingum leigu á Grænu tunnunni.

Forsvarsmenn húsfélaga munu einnig eiga von á að samband verði haft við þá í mánuðinum. Áhugasamir geta einnig haft samband við graenatunnan@gamur.is merkt "Græna tunnann - ÍR". Við hvetjum Breiðhylltinga til að taka vel á móti ÍR-ingum og gera Breiðholtið enn grænna.



Fjölskyldu & vinnustaðatilboð!

Matur fyrir fjóra

Aðeins 2690 kr.

2 rísasamtökun, 2l gos og 4 smákökur

SVAMPBURSTAR BYLTINGARKENND NÝJUNG Í BÍLAÞVOTTI Á ÍSLANDI

LÖÐUR KYNNIR FRÁBÆRA ÞJÓNUSTU Í NÝRRI KYNSLÓÐ BÍLAÞVOTTASTÖÐVA.

- Betri meðferð á bílnum með mjúkum og fleyglaga burstaendum.
- Bónið endist lengur og bíllinn verður áberandi hreinn og glansandi með úrvals hreinsiefnum og sápum.
- Alvöru bílaþvottastöð sem ræður við flestar stærðir bíla.
- Nánast engin bið eftir þvotti, afkastagetan er allt upp í 60 bílar á klukkustund sem er mun meira en hjá hefðbundnum stöðvum.

Opið virka daga kl. 8-19 og um helgar kl. 10-18

Fullkomnasta þvottastöðin á Íslandi
er í Bæjarlind 2, kjallara

Tökum bíla á
35x12,5 tommu
dekkjum

Gældu við bíllinn með léttum
og mjúkum svampburstum
aaaaahhhhh!

miðstöð bílaunnenda
sími 544 4540 | www.lodur.is



Við ætlum að fjölga fólki



Álver Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði er einn öflugasti vinnustaður heims á sínu sviði

Í fjölbreyttum hópi starfsmanna eru konur og karlar á öllum aldri sem njóta góðra launa, starfsþjálfunar og ýmissa fríðinda.

Núna viljum við bæta í þennan blómlega hóp og ætlum að fjölga starfsmönnum á næstunni. Kynntu þér traust og spennandi atvinnutækifæri.

Framtíðarstörf í framleiðslu

Við ætlum að ráða fleiri starfsmenn á vaktir í framleiðslu. Fjarðaál framleiðir verðmætar afurðir úr áli og álblöndum, þar á meðal álvíra í háspennustrengi. Ekki er gerð krafa um ákveðna menntun eða reynslu umsækjenda. Í fjölbreyttum hópi framleiðslustarfs-

mannna eru konur og karlar á öllum aldri. Mikið er lagt upp úr þjálfun og starfsþróun. Launin eru góð og Fjarðaál veitir starfsmönnum margvíslega þjónustu, svo sem heilsuvernd, frítt fæði og akstur til og frá vinnu.



**AUSTURLAND
TÆKIFÆRANNA**

Kynntu þér kosti þess að búa og starfa á Austurlandi: www.austurat.is

capacent
RÁÐNINGAR

Ef þú hefur áhuga á starfi hjá Fjarðaáli hafðu þá samband við Sigurlaugu Þorsteinsdóttur eða Tómas Odd Hrafnsson hjá Capacent, í síma 540 1000 eða á netföngin sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is / tomas.hrafnsson@capacent.is eða skráðu umsókn þína á www.capacent.is og haft verður samband við þig.